

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/141**2023/EES/8/19**

frá 21. janúar 2022

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun natríumkarbónata (E 500) og kalíumkarbónata (E 501) í óunna smokka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 3) Samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru natríumkarbónöt (E 500) og kalíumkarbónöt (E 501) leyfð til notkunar sem matvælaaukefni eftir þörfum í margs konar matvæli. Meðal annars eru þau leyfð til notkunar í matvælaflokki 9.2. „Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“.
- 4) Hinn 9. september 2020 barst framkvæmdastjórninni umsókn um leyfi fyrir notkun natríumkarbónata (E 500) og kalíumkarbónata (E 501) í óunna smokka.
- 5) Karbónöt hafa svipuð áhrif og fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt (E 338–452), sem eru sem stendur leyfð í frýst og djúpfrýst lindýr og krabbadýr, að því er varðar útlit smokka. Framleiðsluferlið fyrir smokka felur í sér ídýfingarmeðhöndlun í böðum sem innihalda lausn af salti, sítrötum og karbónötum í hámarksstyrk sem nemur 3% til að stilla sýrustig baðsins í 2–3 daga. Þetta veldur vötnun, breytingu á þéttleika og áferð vörunnar sem og að litnum er viðhaldið. Eftir gufumeðhöndlun eru skynmatseinkenni smokka sem eru meðhöndlaðir með karbónötum og sítrötum betri, s.s. mýkra hold, betra bragð og ljósari litur, en smokka sem eru eingöngu meðhöndlaðir með sítrötum. Skynrænt mat sem umsækjandinn innti af hendi sýnir að tillögð notkun á natríumkarbónötum (E 500) og kalíumkarbónötum (E 501) sem sýrustillum í stað fosfata bætir skynmatseinkenni smokka og skynjun neytenda á þeim.
- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.
- 7) Vísindanefndin um matvæli lagði mat á öryggi natríumkarbónats (E 500) og kalíumkarbónats (E 501) árið 1990 og fastsetti ásættanlega, daglega inntöku sem „ekki tilgreind“⁽³⁾. Hugtakið „ekki tilgreint“ merkir að dagleg heildarinntaka viðkomandi efnis, á grundvelli fyrirliggjandi eiturefnafræðilegra, lífefnafræðilegra og klínískra gagna, sem er tilkomin vegna tilvistar þess frá náttúrunnar hendi og notkun þess sem stendur í matvæli í því magni sem nauðsynlegt er til að ná

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 23, 2.2.2022, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 299/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjttð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð, 1991, bls.13 (https://ec.europa.eu/food/system/files/2020-12/sci-com_scf_reports_25.pdf).

tilætluðum tæknilegum áhrifum, skapar ekki hættu fyrir heilbrigði. Í ljósi þessa og ef sérstök forgangsöröðun vegna endurmats á natríumkarbónötum (E 500) og kalíumkarbónötum (E 501) samkvæmt áætluninni um endurmat á matvælaaukefnum, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 ⁽⁴⁾, er ekki fyrir hendi lítur framkvæmdastjórnin svo á að leyfi fyrir notkun á natríumkarbónötum (E 500) og kalíumkarbónötum (E 501) sem sýrustillum í óunna smokka teljist vera uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, og því er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

- 8) Því er rétt að leyfa notkun á natríumkarbónötum (E 500) og kalíumkarbónötum (E 501) sem sýrustillum í matvælaflokki „09.1.2 „Óunnin lindýr og krabbadýr“ í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eftir þörfum fyrir smokka. Af ástæðum sem varða takmörkun á notkun fosfata í fryst og djúpfryst lindýr og krabbadýr ætti notkun á natríumkarbónötum (E 500) og kalíumkarbónötum (E 501) í stað fosfata í óunna smokka að takmarkast við frysta og djúpfrysta smokka sem eru ekki meðhöndlaðir með fosfórsýru — fosfötum — dí-, trí- og fjölfosfötum (E 338–452).
- 9) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 frá 25. mars 2010 um að koma á fót áætlun um endurmat á samþykktum aukefnum í matvælum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum (Stjtið ESB L 80, 26.3.2010, bls. 19).

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- i. Í matvælaflokki 09.1.2, „Óunnin lindýr og krabbadýr“, er eftirfarandi færslum bætt við eftir færslunni fyrir E 385, Kalsíumtvínatríumetýlendíamíntetraasetat (kalsíumtvínatríum EDTA):

„E 500	Natríumkarbónöt	<i>eftir þörfum</i>	(95)	Einungis frystir og djúpfrystir smokkar
E 501	Kalíumkarbónöt	<i>eftir þörfum</i>	(95)	Einungis frystir og djúpfrystir smokkar“

- ii. Eftirfarandi neðanmálgrein (95) er bætt við á eftir neðanmálgrein (90):

„(95): Má ekki nota í samsetningu með fosfórsýru — fosfötum — dí-, trí- og fjölfosfötum (E 338-452)“